

Minnisblað

Viðtakandi: **Stjórn VR**
Sendandi: **Launanevnd VR**
Dagsetning: 10. mars 2026
Málsnúmer: 1907040

Efni: Breytingar á launum formanns VR

Þegar undirritaður var ráðningasamningur við formann VR fyrir tæpu ári síðan óskaði formaður eftir því að launanevnd tæki til skoðunar umgjörð starfskjara formanns í heild sinni með það fyrir augum að tryggja gagnsæi og sanngirni í launakjörum. Í upphafi árs ítrekaði formaður VR þetta erindi sitt og fundaði launanevnd um málið. Í stuttu máli hefur formaður bent á mikilvægi þess að launanevnd ákvarði heildarlaun formanns fyrir starf sitt í þágu VR og að taki formaður að sér önnur launuð störf á vegum verkalýðshreyfingarinnar komi þau til frádráttar eða renni til VR. Eins og staðan er núna ráðast heildarlaun formanns VR af því hvaða öðrum embættum viðkomandi sinnir innan LÍV og ASÍ. Með þessu móti skapast hvati fyrir þann einstakling sem gegnir formannsembætti að taka að sér önnur launuð störf, óháð því hvort það þjónar best hagsmunum VR og hreyfingarinnar í heild eða ekki. Þessi aukaembætti koma ekki til umræðu innan launanevndar eða stjórnar VR en hafa engu að síður áhrif á heildarkjör formanns og þann tíma sem hann hefur til að sinna störfum fyrir félagið.

Fyrrum formaður fékk greiðslur frá VR, LÍV og ASÍ. Þegar hann tók að sér launuð störf fyrir ASÍ og LÍV, og hækkaði í heildarlaunum vegna þeirra, var það hvorki rætt í launanevnd né stjórn. Launanevnd telur mikilvægt að gagnsæi ríki um launakjör formanns VR og að umgjörð þeirra sé skýr. Launanevnd leggur til að samið verði við formann um ákveðna launafjárhæð og taki formaður að sér önnur launuð störf tengdum formennsku í VR renni þær launagreiðslur til VR.

Samfara þessari breytingu á launakjörum formanns ræddi launanevndin um hver launakjör formanns ættu að vera, þ.e. heildargreiðsla fyrir starf formanns að meðtöldum öllum launum frá öðrum aðilum. Þá ræddi launanevnd hvort tengja ætti launakjör formanns við þróun launa, t.d. við miðgildislaun félagsfólks í VR þannig að þau tækju sambærilegum breytingum og laun hjá félagsfólki VR. Við skoðun á því hver laun formanns ættu að vera við þessa eðlisbreytingu var horft til þess hver laun fyrrum formanns hefðu verið, með öllum aukagreiðslum. Fyrrum formaður fékk greiðslur frá VR, ASÍ og LÍV.



Heildarkjör fyrrum formanns væru í dag:

**Laun fyrrum formanns VR væru
2026**

Frá VR	1.427.329
Laun frá ASÍ sem varaforseti	235.652
Laun fyrir formennsku í LÍV	395.860
Bíll sem formaður hafði frá félaginu	<u>61.083</u>
Samtals 2026	2.119.924

Núverandi formaður tók ákvörðun um að sækjast ekki eftir embætti formanns LÍV en taka þar sæti í stjórn. Laun formanns frá VR eru 1.488.412 og fær að auki greiddar 235.652 kr. sem varforseti ASÍ. Heildarkjör formanns eru því í dag kr. 1.724.064. Munur á þeim launum og launum fyrrum formanns, eins og þau væru í dag, er kr. 395.860. Fundir bæði LÍV og ASÍ eru almennt á dagvinnutíma.

Við skoðun á því hver laun formanns ættu að vera við þessa eðlisbreytingu var ákveðið að setja upp starfslýsingu¹ formanns. Miðað við starfslýsinguna er ljóst að starfið er bæði við- og ábyrgðamikið, formaður VR er alltaf á vaktinni og oft í fjölmiðlum, sem iðulega er utan hefðbundins vinnutíma. Launaneftndin leit til þess hvað fyrrum formaður hafði í heildarlaun sem og til launa annarra aðila innan verkalyðshreyfingarinnar í sambærilegum stöðum. Var þar einkum litið til launa formanns SGS og BSRB sem bæði eru með um kr. 1.950.000.

Í ljósi stærðar VR og ábyrgðar formanns leggur launaneftnd til að laun formanns verði kr. 1.913.000, sem væri heildarupphæð launa formanns. Laun frá ASÍ eða LÍV renni til VR. Launaneftnd leggur einnig til að setja viðmið við þessa launatölu, sem væri meðaltal miðgildislauna VR árið 2025 margfaldað með 2,3. Launaneftnd myndi síðan árlega fara yfir laun formanns og sjá hvernig þau hafi þróast miðað við kjarasamningsbundnar hækkanir, líta til meðaltals miðgildislauna í VR margfölduð með 2,3 og skoða laun annarra í sambærilegum störfum. Út frá þessu myndi launaneftnd taka ákvörðun um hvort leggja eigi fyrir stjórn breytingar á launum formanns.

Gert er ráð fyrir því að allur vinnutími formanns sé innifalinn í launum. Formaður þarf sjálfur að passa upp á sinn vinnutíma og kemur ekki til frekari greiðslna vegna aukins vinnutíma. Varðandi kjarasamningaviðræður, sem oft á tíðum eru að kvöldlagi eða um helgar, er gert ráð fyrir að formaður fái auka orlof vegna vinnu utan dagvinnutíma sem fylgir þeirri vinnu en ekki væri um aukagreiðslur að ræða. Launaneftnd leggur til að formaður safni ekki upp orlofi heldur fari reglulega í frí og að auka orlof sem kæmi til vegna kjarasamningsgerðar væri að öllu jöfnu tekið út innan tveggja ára og utan hefðbundins orlofstímabils. Launaneftnd myndi árlega fara yfir orlofsstöðu formanns og upplýsa stjórn.

¹ Starfslýsing formanns er á næstu blaðsíðum.



Starfslýsing – formanns VR

Hlutverk og staða

- Formaður VR er kosinn af félagsfólki til fjögurra ára í senn og gegnir embættinu í fullu starfi.
- Formaður má ekki gegna öðru starfi eða taka að sér verkefni sem geta stangast á við hagsmuni félagsins eða haft áhrif á óhlutdrægni hans eða starfshæfni nema með samþykki stjórnar.
- Formaður er formaður stjórnar félagsins og stýrir hann fundum stjórnar.
- Hlutverk formanns er að sinna baráttumálum félagsins með því að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsfólks VR og styrkja stöðu þess á vinnumarkað.
- Formaður leiðir stefnumótun í samráði við stjórn félagsins.
- Formaður leiðir pólitíska starfsemi VR í samræmi við lög, samþykktir, stefnu og ályktanir félagsins.
- Formaður er opinber talsmaður VR og málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað.
- Formaður ber ábyrgð á ytri málefnum félagsins, þar með talið samskiptum við stjórnvöld, fjölmiðla, fyrirtæki og samtök atvinnurekenda og aðra hagsmunaaðila.
- Formaður er fulltrúi og talsmaður félagsins gagnvart öðrum stéttarfélögum og fer með forystu í þátttöku VR í starfi verkálýðshreyfingarinnar, þar með talið innan LÍV og ASÍ, nema stjórn ákveði annað.
- Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart starfsfólki félagsins.
- Formaður tekur þátt í alþjóðastarfi fyrir hönd VR.

Starfsskyldur

- Formannir ber ávallt að starfa með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og uppfylla trúnaðarskyldu gagnvart félaginu, gæta jafnræðis og forðast hagsmunaaðrekstra.
- Formaður skal fylgja lögum VR og þeim vinnureglum sem skilgreindar hafa verið af stjórn og tryggja að unnið sé eftir þeim.
- Formaður, í samvinnu við framkvæmdastjóra, skal fyrir lok nóvember ár hvert kynna tillögur að starfs- og fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs sem lögð er fyrir stjórn.
- Formanni ber að starfa eftir samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun.
- Heimildir formanns til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri skulu taka mið af:
 - fjárhagsáætlun samþykktri af stjórn,
 - því að frávik frá fjárhagsáætlun rjúfi ekki fjárhagsleg markmið og feli ekki í sér stefnubreytingu.
- Formaður skal bera allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar, stefnumarkandi eða meiriháttar undir stjórn til samþykkis.
- Formaður vinnur með framkvæmdastjóra að forgangsröðun og eftirfylgni við samþykktu stefnu og fjárhagsáætlun en framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, fjármálum, starfsmannahaldi og framkvæmd samþykkrar stefnu, gagnvart stjórn.



- Formaður skal vera fyrirmynd, einkum hvað varðar starfshætti, öryggismál, trúnað og hegðun.
- Formaður skal tileinka sér þekktar og viðurkenndar stjórnunaraðferðir og þróa sig sem einstakling og leiðtoga.
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast starfinu.

Fundir stjórnar

- Formaður kemur með tillögu að dagskrá stjórnarfunda í samráði við varaformann og framkvæmdastjóra VR.
- Formaður boðar til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra, stýrir þeim og tryggir að öll gögn sem að fundinum lúta séu stjórnarmönnum tiltæk tímanlega.
- Formaður stuðlar að upplýstri og málefnalegri umræðu og vandaðri ákvarðanatöku stjórnar.
 - Formaður ber meginábyrgð á starfsemi stjórnar og að stjórn séu búnar góðar starfsaðstæður.
 - Formaður á seturétt í öllum ráðum og undirnefndum stjórnar. Formaður er formaður trúnaðarráðs félagsins og boðar hann til funda þess eins oft og þurfa þykir í samræmi við 14. gr. laga VR.
 - Formaður skal halda öllu stjórnarfólki upplýstu um málefni sem félaginu tengjast og skal stuðla að virkni stjórnar í ákvarðanatöku á málefnum sem tekin eru fyrir hverju sinni.
 - Formaður starfar eftir starfsreglum stjórnar og sér til þess að þær séu yfirfarnar af stjórn reglulega.

Kjaramál og samningaviðræður

- Formaður stýrir og er í forsvari fyrir samninga- og viðræðunefndum félagsins við gerð kjarasamninga.
- Formaður kemur fram fyrir hönd viðræðunefndar VR í kjarasamningum við SA og FA.
- Formaður stýrir undirbúningi kjaraviðræðna og hefur forgöngu um að mótuð sé stefna, áherslur og forgangsröðun í undirbúningi þeirra.
- Formaður skal, eftir því sem við á hverju sinni, tryggja að sjónarmið ólíkra hópa innan félagsins endurspeglast í kjaraviðræðum og undirbúningi þeirra.
- Í kjaraviðræðum er formaður talsmaður félagsins út á við. Formaður fer fyrir samskiptum við fjölmiðla, viðsemjendur, stjórnvöld og önnur stéttarfélög í samræmi við starfsreglur viðræðunefndar VR.
- Formaður tryggir að trúnaðarráð og eftir atvikum félagsfólk sé upplýst um framgang kjaraviðræðna.